



274. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands haldinn fimmtudaginn 13. desember 2018, kl. 13:00 í Ráðhúsinu á Hellu.

Mætt voru: Arna Ír Gunnarsdóttir (AÍG), Ingibjörg Kjartansdóttir (IK) Jón G. Valgeirsson, formaður, (JGV), Anton Kári Halldórsson og Gísli Halldór Halldórsson (GHH). Þá sátu fundinn Stefán Gíslason, framkvæmdastjóri Environice, Benedikt Benediktsson stjórnarmaður í Sorpstöð Rangárvallasýslu og Hulu, Ásta B. Ólafsdóttir stjórnarmaður í Sorpstöð Rangárvallasýslu, Ágúst Sigurðsson stjórnarmaður í Sorpstöð Rangárvallasýslu og Þorbjörg Gísladóttir stjórnarmaður í Sorpstöð Rangárvallasýslu og Hulu.

1. Valkostagreining á urðunarstöðvum. Kynning með stjórnarmönnum Sorpstöðvar Rangeyinga og Hulu. -Stefán Gíslason mætir á fundinn-

Stefán fjallaði um þá urðunarstaði sem skoðaðir hafa verið og teljast vænlegastir kosta. Einnig var fjallað um ýmsar leiðir til að bæta meðferð sorps, t.d. með útflutningi á brennanlegu sorpi og sérvinnslu á lífrænum úrgangi. Kannaður verður möguleiki þess að koma upp aðstöðu á Strönd til að brenna dýrahæjum.

2. Staða á viðræðum við SSH/Sorpu og móttöku úrgangs.

Farið yfir þá pattstöðu sem er í viðræðum um áframhaldandi móttöku sorps frá Suðurlandi í Álfsnesi. SOS þarf að kanna möguleika í Fiflholti og Stekkjarvík ef viðræður sigla í strand, eða leita leiða sem fengjust með undanþágu.

Formanni falið að óska eftir fundi með SSH/Sorpu um framhald mála.

Stjórn samþykkir að næsti stjórnarfundur verði haldinn á Selfossi mánudaginn 7. janúar n.k. kl. 15:00.

Fundi slitið klukkan 15:30